

Sigrún Sveinbjörnsdóttir heiðruð

Heiðurskona Sigrún Sveinbjörnsdóttir, vertu hjartanlega velkomin.

Delta, Kappa, Gamma, eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum. Ísland hefur átt aðild að samtökunum síðan 1975 en deildin okkar, Betadeild, heldur upp á fjörutíu ára afmæli sitt á þessu ári.

Á tímamótum sem þessum, höfum við heiðrað konu sem hefur unnið framúrskarandi og markverð störf í þágu barna og menntamála. Í dag heiðrum við þig en í gegnum ævistarf þitt hefur þú lagt þinn skerf að mörkum í þágu barna og menntamála - svo um munar.

Menntun Sigrúnar og starfsferill hefur borið hana víða. Sigrún ólst upp í Reykjavík. Hún tók kennarapróf við Kennaraskóla Íslands 1966, kom þá hingað til Akureyrar og kenndi við Barnaskóla Akureyrar í eitt ár. Leiðin lá aftur suður og skömmu seinna til Gautaborgar þar sem hún lagði stund á bæði sálfræði og uppeldisfræði og lauk Embættisprófi í sálfræði frá háskólanum í Gautaborg 1975 – á þeim tíma tveggja barna móðir. Sigrún vann sem stundakennari í grunnskóla með námi í Gautaborg og kenndi ögn áfram eftir að náminu lauk.

Þegar þau hjón komu aftur til Íslands, stóðu þau stutt við í Reykjavík þar sem Sigrún vann sem Skólasálfræðingur. Þau komu síðan norður á Akureyri 1977 og settust hér að.

Fyrstu árin kenndi Sigrún við Menntaskólann á Akureyri og vann að einhverju leyti sem sálfræðingur líka og eignaðist sitt þriðja barn.

Frá 1981 beindi Sigrún starfskröftum sínum að viðfangsefnum sálfræðingsins. Hún vann við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra allan níunda áratuginn, lengst af sem forstöðumaður ráðgjafar og greiningardeildar en síðasta árið sem framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofunnar.

Þessi þáttur Svæðisskrifstofunnar, ráðgjafar- og greiningarstarfið, var unnið í nánú samstarfi við Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra. Þarna upp úr 1980 var ráðgjafar og greiningarstarf í skólum þar á meðal ráðgjöf og stuðningur við starfsfólk og foreldra barna með fatlanir í raun rétt að hefjast í grunnskólum og því í mikilli þróun og óx verulega fiskur um hrygg þarna á níunda áratugnum.

Ég kom til starfa á Fræðsluskrifstofuna sem talmeinafræðingur og ráðgjafi 1981 og kynntist Sigrúnu og vann meðal annars með henni í ráðgefandi starfi í skólunum – en þó meira í frumkvöðlastarfi við ráðgjöf í leikskólum – þar unnum

við töluvert saman þrjár - sú þriðja Jófríður Traustadóttir sem sinnti ráðgjöf og lánaði leikföng frá leikfangasafni sem líka tiheyrði teymi svæðisskrifstofu og fræðsluskrifstofu. Mér eru minnstæðar margar ferðirnar okkar sem við fórum á alla leikskóla á Norðurlandi eystra til þess að skapa þennan ráðgefandi og meðferðarvettvang - kynna starf okkar, heyra í starfsfólki leikskóla um þarfir þeirra.

Sigrún! - betri samstarfskonu var ekki hægt að hugsa sér.

Á árunum 1990-1994 var Sigrún forstöðumaður Vistheimilisins á Sólborg, stofnun fyrir þroskahefta - til húsa þar sem háskólinn er nú. Árið 1990 þegar Sigrún varð forstöðumaður var búið að taka ákvörðun um að leggja niður starfsemina á Sólborg í áföngum og sjá íbúum fyrir nýju heimilisformi eða sambýlum víða um Norðurland í samræmi við þá hugmyndafræði sem þá var við líði.

Þú, Sigrún, tókst að sér það vandasama verk að láta hlutina ganga smurt fyrir sig á stofnun sem nú skyldi líða undir lok. Til þess þurfti konu með bein í nefi og hæfni til að setta og semja - Þú varst rétta konan fyrir þetta viðfangsefni.

Að þessu verkefni loknu færði Sigrún sig yfir í Háskólann á Akureyri þar sem hún starfaði næstu rúmlega tuttugu árin, fyrst sem lektor, þá dósent og síðan prófessor. Á þessum árum bætti Sigrún enn við menntun sína og lauk doktorsprófi í sálfræði frá LaTrobe háskólanum í Melbourne í Ástralíu árið 2001. Á starfsárunum við háskólann dvaldi hún í rannsóknarleyfum meðal annars við Háskóla í Gautaborg og við South Pacific háskólann á Fíji eyjum.

Sigrún var góður og vinsæll kennari og öflugur fræðimaður. Hún er mjög vinsæll fyrirlesari, enda á hún auðvelt með að koma orðum að hlutunum á þann hátt að þau sitja áfram með hlustendum og vekja til frekari umhugsunar.

Það er vegna þess Sigrún að þú leggur persónu þína í viðfangsefnið og þú kannst að slá naglann á höfuðið.

Jafnhliða fræðistörfum hefur Sigrún unnið sem sálfræðingur á eigin stofu og er enn að.

Á starfsferli þínum hefur þú látið verulega til þín taka á vettvangi skóla, þú hefur unnið ötullega að málefnum barna og unglunga, ekki síst að málefnum fatlaðra, samkynhneigðra og hin síðari ár beint sjónum að unglingum. Í starfi þínu gefur þú af þér til þess málstaðar sem þú vinnur fyrir af lífi og sál - bæði í fræðistörfum og á samfélagslegum vettvangi.

Það þarf orkubolta í allt það sem Sigrún hefur áorkað – og hún er stútfull af orku - en stundum hefur hún farið fram úr sér í vinnu en þá hefur hún bara sofið í einn eða tvo sólarhringa og sprettur svo upp stálsleginn á ný og til í slaginn.

Af framangreindu hefur sennilega komið fram að Sigrún er einstök persóna.

Þú hefur ákveðnar skoðanir og ert fylgin þér, alltaf glöð og jákvæð, nærfærin og styðjandi. Þú er svo gefandi, svo umvefjandi að það er mannþætandi að vera í samvistum við þig – takk fyrir þær samverustundir sem ég hef átt með þér.

Það er ekki hægt að ljúka þessari umfjöllun um Sigrúnu öðruvísi en að nefna Brynjar eiginmann hennar - en hann féll frá eftir alvarleg veikindi fyrir tveimur árum. Þau Sigrún og Brynjar voru mjög virkir samfélagsþegnar. Þau voru meðal annars virk í pólitísku starfi og unnu ýmis ábyrgðarstörf í stjórnnum og nefndum á vegum bæjarins. Þau voru einstaklega samheldin hjón. Ég held að þau séu dæmi um hjón sem auðnaðist að vera skotin hvert í öðru þar til lífi annars lauk. Þegar lífi Brynjars lauk var hann kvaddur á svo fallegan hátt með borgaralegri athöfn – það sýnir styrk Sigrúnar að hún var sjálf virk í kveðjuathöfninni.

Kæra Sigrún - þakka þér fyrir allt sem þú hefur gefið samfélaginu, ekki bara í þessu bæjarfélagi - en með persónuleika þínum, hugmyndafræði, fyrirlestrum og skrifum hefur þú lagt þinn skerf á vogarskálar í miklu víðara samhengi. Þess vegna er það okkur, í Betadeild mikill heiður að heiðra þig hér í kvöld.